



Þema 4. bekkur

Sjálfbærni

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemendur geti:</p> <p>Reynsluheimur</p> <p>Samfélagsfræði</p> <p>Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.</p> <p>Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.</p> <p>Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.</p> <p>Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.</p> <p>Náttúrufræði</p> <p>Geta til aðgerða</p> <p>Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.</p> <p>Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.</p> <p>Greint á milli ólíkra sjónarmiða sem varða málefni daglegs lífs.</p> <p>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</p> <p>Í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,</p>	<p>Hugstormun og umræður.</p> <p>Kennari skráir hugmyndir nemenda á flettistöflu.</p> <p>Kennari ræðir við nemendur lætur þá gera sér grein fyrir að plöntur þarfnast vatns, lofts, fæðu og búsvæðis til að lifa.</p> <p>Sýnir myndir af plöntum, ræðir um algengustu plöntur í okkar heimabyggð, ræðir og leggur fram verkefni sem þar sem nemendur eig að lýsa nokkrum einföldum en ólíkum lífsferlum lífvera, s.s. fræ verður að plöntu, eiga að gera sér grein fyrir að plöntur þurfa ákveðin efni og skilyrði til að lifa; sólarljós og súrefni, vatn, steinefni og koltvísýring.</p> <p>Kennari ræðir um hvað dýr og plöntur eiga sameiginlegt og fær nemendur til að bera saman.</p> <p>Kennari ræðir um mikilvægi náttúruverndar og flokkun á rusli.</p> <p>Fer með nemendur</p>	<p>Hugstormun og umræður.</p> <p>Nemendur fara í náttúruleikinn: Ónáttúrulegi stígurinn úti á litla leiskvæðinu.</p> <p>Nemendur fara út og gera tré með líkömum okkar allra (útikennsla) og eiga með því að gera sér grein fyrir uppbyggingu plantna og hvaða hlutverki t.d. stofn, börkur og rætur gegna. Umræður um plöntur í krók að þessu loknu.</p> <p>Nemendur teikna plöntu og merkja helstu plöntuhluta inn á myndina og skrifa fróðleik.</p> <p>Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki fræva og fræfla. Skrifa upp texta, teikna blóm og merkja inn á.</p> <p>Nemendur gera sér grein fyrir að plöntur þurfa ákveðin efni og skilyrði til að lifa; sólarljós og súrefni, vatn, steinefni og koltvísýring</p> <p>Nemendur vinna saman í pörum að því að finna flott slagorð sem varðar náttúruna.</p>	<p>Námsmat er mat á heimaverkefni og flutningur þess.</p>



<p>Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.</p> <p>Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.</p> <p>Vinnubrögð og færni</p> <p>Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna,</p> <p>Notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga.</p> <p>Ábyrgð á umhverfinu</p> <p>Tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.</p> <p>Rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.</p> <p>Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.</p> <p>Náttúra Íslands</p> <p>Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.</p> <p>Greint á milli algengustu orkugjafa á Íslandi.</p> <p>Heilbrigði umhverfis</p> <p>Fjallað um samspil manns og náttúru.</p> <p>Flokkað úrgang.</p> <p>Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu</p> <p>Flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.</p>		<p>Nemendur gera sér grein fyrir gildi ríms og stuðla í slagorðum. Útbúa veggspjöld.</p> <p>Nemendur fara í náttúruleikinn <i>Fjár sjóðsleit í skóginum</i> þar sem þeir eiga t.d. að ná í eitthvað sem er rautt, hvasst, ónáttúrulegt, mjúkt, hart, blautt, o.s.frv.</p> <p>Vettvangsferð í Sorpu. Þar fá nemendur fræðslu um starfsemi og markmið Sorpu, hvernig á að flokka rusl og hversu mikilvægt það er, endurnýtingu. Nemendur fá að keyra um móttökustöð Sorpu og sjá stóru vélarnar að störfum.</p> <p>Nemendur vinna úr Sorpu ferðinni með ritun þar sem þau gera grein fyrir upplifun sinni í ferðinni.</p> <p>Heimavinna:</p> <p>Nemendur draga sér blóm, teikna það upp heima og skrifa um það. Heimildir: plöntuvefurinn, uppflöttibækur o.fl. Þarf að gera greingóða lýsingu á verkefninu.</p>	
--	--	---	--



Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.			
---	--	--	--